


## ÓFRJÓSEMISAÐGERÐ KVENNA



## Ófrjósemisaðgerð kvenna

Í þessum bæklingi eru upplýsingar sem við vonumst til að komi þér að gagni. Skrifaðu hjá þér þær spurningar sem upp koma við lestur bæklingins, svo þær gleymist ekki.

### ***Hvað er ófrjósemisaðgerð ?***

Í ófrjósemisaðgerð felst að eggjaleiðararnir eru teknir í sundur eða lokað fyrir þá (þar sem pípur sýna á mynd). Aðgerðin er gerð í svæfingu, oftast með speglunartækjum. Gerð eru tvö göt á kvið, annað við nafla en hitt neðar og til hliðar. Kviðarholið er síðan fyllt af lofti, til að auðvelda aðgerðina. Í lok aðgerðar er loftinu hleypt út aftur og götin saumuð saman.

### ***Hvers vegna ófrjósemisaðgerð ?***

Aðgerðin er gerð til að fá varanlega getnaðarvörn og þarf því ákvörðun þín að vera vel íhuguð. Vegna laga um ófrjósemisaðgerðir þá þarft þú að skrifa undir beiðni þar að lútandi fyrir aðgerð.

### ***Hvað þarf að hafa meðferðis ?***

Lyfjakort eða lyf sem þú notar reglulega.

### ***Undirbúningur fyrir aðgerð***

Þú þarft að vera fastandi á mat í 6 klst fyrir aðgerð, en mátt drekka vatn allt að 4 klst. fyrir aðgerðina. Ekki er æskilegt að reykja að morgni aðgerðardags.

Þú mætir á dagdeildina eftir samkomulagi.

Hjúkrunarfræðingur tekur á móti þér, fær hjá þér nauðsynlegar upplýsingar, fer yfir þennan bækling og sýnir þér deildina.

Svæfingalæknir talar við þig, útskýrir helstu atriði varðandi svæfinguna og ákveður lyfjaforgjöf.

Kvensjúkdómalæknir talar við bæði fyrir og eftir aðgerðina.

Þú þarft að fjarlægja gleraugu, linsur, alla skartgrip, naglalakk og andlitsfarða fyrir aðgerð. Þú þarft að tæma þvagblöðru fyrir aðgerð.

Aðgerðin tekur í allt u.þ.b. 45 mínútur.

### **Eftir aðgerð**

Þú vaknar fljótlega á vöknunarherbergi. Fylgst verður með blóðþrýstingi og hjartslætti í 1-2 klst. Þú verður með næringarvökva í æð, þangað til þú ert farin(n) að drekka.

**Verkir:** Þú færð litla verki í skurðsárin, en getur fengið óþægindi innan um þig og upp í axlir, "harðsperrur" vegna lofts sem verður eftir í kviðarholi eftir aðgerð. Þetta jafnar sig á 1-2 dögum.

**Athugaðu** að fara **ekki** fram úr rúmi í fyrsta sinn nema með aðstoð.

**Heimferð:** Venjulega er heimferð samdægurs en fer þó eftir líðan þinni og niðurstöðum rannsókna.

**Þú mátt ekki aka bíl** fyrr en daginn eftir svæfingu/deyfingu.

**Vinna:** Þú getur byrjað að vinna eftir um það bil 2-3 daga nema læknirinn þinn ráðleggi þér annað.

**Saumataka:** Ef þarf að taka sauma er það gert á 5. - 7. degi eftir aðgerð.

**Blæðingar:** Ekkert er gert við eggjastokkana og því hefur þú egglos og blæðingar eftir sem áður.

**Kynlíf:** Aðgerðin hefur engin áhrif á kynlífið, en rétt er að bíða með samfarir í nokkra daga meðan þú ert að jafna þig.

### **Hvað ber að varast**

Sýkinga- og blæðingahætta við þessa aðgerð er óveruleg. Þú skalt þó ekki fara í sund eða baðkar og forðast mikla áreynslu meðan sárin eru að gróa, í um viku tíma. Þú mátt fara í sturtu.

Hafðu samband við deildina, sími 432 1000, eða lækninn þinn ef þú ert í vafa um eitthvað eða ef einhver vandamál koma upp.

### ***Athugaðu !***

Þessar upplýsingar eru engan veginn tæmandi. Það geta orðið ýmis óhjákvæmileg frávik.  
Hikaðu ekki við að biðja okkur um nánari útskýringar.

*Með kveðju,  
starfsfólk dagdeildar  
og skurðeildar SHA*

*Unnið af nemum í skurð- og  
svæfingahjúkrun  
(vor 1990) í samvinnu við starfsfólk  
kvennadeildar SHA.  
Endursk. í júní 2013/PH.  
Meðal heimilda: Bæklingar frá St.  
Jósefsspítala og HNE deild Bsp.  
SHA/rmbæk4*

**HVE Akranesi**  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)